

Fundargerð Gammadeildar, þriðjudaginn 10. febrúar 2009
haldinn í Háskólanum í Reykjavíkl. 17:00 – 19:00

26 Gammakonur mættu:

Anh Dao Tran, Árný, Björg, Bryndís, Elín, Eygló, Gerður, Guðný, Helga, Hrefna, Ingibjörg Einarasdóttir, Ingibjörg Jónasar, Jóhanna, Kristín Bjarnadóttir, Kristín Jóns skrifstofustjóri, Kristín Jóns kennslukona, Pálína, Ragnhildur, Rannveig Löve, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður, Sigrún Aðalbjarnar eldri, Sigrún Aðalbjarnar yngri, Stefanía, Vilborg og Þórunn.

Svafa Grönfeldt rektor Háskólans í Reykjavík og aðstoðarfólk hennar tóku á móti hópnum og buðu upp á léttar veitingar. **Umræðuefnið var Konur í stjórnun.** Skólinn er með húsnæði víða og var Svafa að koma af fundum með tækniþáttum sínum og klædd í samræmi við það eins og hún orðaði það.

Svafa greindi frá ferli sínum sem stjórnanda. Kenndi m.a. stjórnun í HÍ, hefur unnið í 30 löndum. Kom frá fyrirtækinu Actavis til starfa hjá Háskólanum í Reykjavík. Það var ákveðin ögrun í því að koma inn í skólann og reka hann á krepputímum. Skólinn er fjárhagslega traustur en verið er að byggja nýjan skóla upp á 40.000 m² og að mörgu að hyggja varðandi framkvæmdir og fara ekki of hratt í verkefnið. Áfanginn sem verið er að vinna að er um 30.000 m². Hugmyndahús fyrirhugað með Listaháskóla Íslands. Mikilvægt að vera bjartsýnn og trú á framtíðina. Að ætla að alþjóðavæða HR á þessum tímum er áskorun og reyna að stýra frá öllum hliðum, aftanfrá og á hlið eins og Svafa orðaði það, bara tilhlökkunarefni.

Hún ræddi um mikilvægi starfsmannavals og fjölbreytni í þeim efnum. Starfsmenn eru 500 talsins þar af 250 fastráðnir. Hún nefndi einnig nemendaval. mikil aðsókn hefur verið að HR, nú eru um 3000 nemendur. Mikilvægt að skapa líka sýn og gott andrúmsloft innan skólans, mikið rými fyrir frumkvöðlahugsun og valfrelsi. Svafa segist alla daga að vera að selja hugmyndir. Stjórnandi þurfi að hafa gott nef fyrir fólkinu í kringum sig og sleppa verkefnum til annarra þegar við á. Marga hægt að þjálfar en vonlaust að þjálfar fólk til stjórnunarstarfa sem ekki er sterkt í mannlegum samskiptum. Góður stjórnandi þarf að hafa þverfaglega þekkingu, góða samskiptatækni og tungumálaþekkingu. Menn þurfa að tileinka sér ákveðin gildi, gildi Svöfu eru hugrekki og góðvild. Stjórnandi verður að hafa áhuga á fólki, láta sig annað fólk varða og læra af öðrum.

Sumt er meðfætt en annað lært.

Fram kom hjá Svöfu að rannsóknir um stjórnunarhæfileika sýni mismunandi niðurstöður um hverjir séu hæfastir. Þó er oftast niðurstaðan sú að konur hafi almennt meira innsæi og séu sveigjanlegri en karlarnir.

Hægt að draga saman 5 einkenni sameiginleg þeim stjórnendum sem mistekst í starfi.

- minna tilfinningarlegt jafnvægi, gleyma að anda með nefinu
- hafa ekki eitthvað að segja - nauðsynlegt að tjá sig og gildin sem viðkomandi fyrirtæki/stofnun stendur fyrir
- velur ekki gott fólk í kringum sig, hræddur við hæfileikaríkt fólk
- minni heiðaleiki
- hrokafullur og of mikið fastur í eigin getu og getur ekki sleppt verkefnum til annarra

Svafa sagði mjög mikilvægt að þjálfar verðandi stjórnendur í að færa hugsjónir í mál /texta og kenna fólki að tjá sig. Svafa leggur sig meðvitað fram um að kveikja vilja og áhuga meðal nemenda HR á því að búa á Íslandi í framtíðinni og glíma við verkefnið sem hér eru framundan.

Kristín Jónsdóttir kennslukona flutti orð til umhugsunar

Kristín sagði sína skoðun vera að kennarar lærðu ekki síður af nemendum sínum en öfugt.

Hún las 1 síðu úr verkefni nemenda síns Hildar Lilju Guðmundsdóttur um froskinn sem komst í mark þrátt fyrir úrtölur þeirra sem fylgdust með hlaupi frosksins, en það bjargaði honum að hann var heyrnarlaus og heyrði ekki efasemdarhrópin um að honum tækist ætlunarverk sitt.

Námskeiðið sem Kristín hefur umsjón með fjallar um nám og kennslu unglinga. Þar leggur hún áherslu á mikilvægi þess að viðurkenna nemendur sem einstaklinga og hrósa þeim, hjálpa þeim upp á sinn eigin tind með hrósum, stuðningi og trú.

Kristín nýtir sér meðal annars skrif Carol Ann Tomlinssons máli sínu til stuðnings. Kennarinn þarf að vera til staðar fyrir nemandann og láta hann finna að hann skipti máli. Uppskeran í náminu, skilningur, framkoma og líðan byggist mikið á þessu mikilvæga viðhorfi.

Önnur mál

Rætt var um fyrirhugaða ráðstefnu á Evrópuþingi DKG í Ósló 5. – 8. ágúst. Nokkrar konur í Gamma hafa staðfest að þær ætla að fara.

Rætt var um landsþing DKG á Hallormsstað 15. – 17. maí. Farið verður í rútu, lagt af stað um hádegi á föstudeginum og farið heim á sunnudag eftir hádegi.

Stefanía greindi frá tveimur bréfum frá Ameríku um stefnu samtakanna árin 2009 – 2011. Þar sem lögð er áhersla á að taka inn nýja meðlimi og auka fjölbreytnina. Þetta er alveg í samræmi við það sem stjórn Gammadeildar er að vinna að þessa daganna. Tillögur um nýja meðlimi í deildina koma fram á næsta fundi.

Fundi slitið skömmu fyrir kl. 19

Fundarritari

Helga G. Halldórsdóttir